



Hafnarfirð 31.12.08

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2008

Stjórnarstarf

Engin breyting varð á markmiðum stjórnar SÍH frá árinu 2007 en þá náði félagið þeim markmiðum sínum að vinna alla titla sem voru í boði hjá STÍ. Árið 2008 var ekki eins farsælt hvað þetta varðar og eini titilinn sem félagið náði að landa var Íslandsmeistari unglunga. Nýr formaður Ástþór Helgason var kosinn á aðalfundi félagsins þegar Ferdinand Hansen gaf ekki kost á sér eftir 8 ára setu í formannsstól. Ferdinand var heiðraður fyrir störf sín á SIH open. Að öðru leiti var kosin óbreitt stjórn. Varaformaður sagði sig úr stjórn stuttu eftir aðalfund.

Daglegur rekstur

Rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður. Bókhald var uppfært mánaðarlega og uppgjör fyrir árið var komið á vefsetur félagsins í byrjun janúar. Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins.

Félagsfundir

Enginn formlegur félagsfundur var haldin ár árinu.

Byrjendanámskeið

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu 2008 og var þátttaka góð. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið það ár innifalið í 7.000 kr. Þátttökugjaldi sem leiðir til þess að þátttakendur mæta frekar á almennar æfingar að námskeiði loknu.

Kvennaæfingar

Mikil gróska var í kvennastarfi félagsins og mætti fjöldi kvenna á vikulegar æfingar sem voru skipulagðar eingöngu fyrir kvenfólk félagsins. Þessum æfingum var haldið úti langt fram á haust með skipulögðu sniði og síðan eftir því sem veður leyfði til áramóta.

Æfingastjórnarnir Inger Ericson og Anný Björk Guðmundsdóttir höfðu veg og vanda af æfingunum með dyggum stuðningi reyndra keppnismanna og leiðbeinenda.

Keppnisferðir

Fjórtán sinnum voru keppendur skráðir á mót erlendir, þrjú tóku þátt í Århus Grand Prix, fimm fóru til Jetsmark á Skandinavía open og þeir Örn Valdimarsson og Sigurbór fóru á vegum landsliðs Íslands á Evrópumeistaramótið á Kýpur í júlí. Síðast en ekki síst þá kepptu íslenskar konur í fyrsta skipti í skeet á erlendri grundu þegar þær Anný Björk Guðmundsdóttir og Inger Ericson tóku þátt í Ladies Grand Prix 2008 Scotland við góðan orðstír. Þetta mót er sérstakt kvennamót sem haldið er á hverju ári og hefur heyrst að áformað sé að halda það á Íslandi árið 2010.

Félagatal

Þeir sem greiddu félagsgjald fyrir árið 2008 eru 92 sem er 11 færri en á árinu 2007 og þar af voru 11 nýliðar sem gengu í félagið á árinu. Það er því nokkuð ljóst að mikið vantar á að eldri félagar séu virkir.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót

Samtals voru skráðir 62 þátttakendur í tólf lands- og opin mót á árinu 2008 sem er 14 fleiri en árið á undan. Félagið hélt eitt landsmót í apríl, SÍH open í fjórða sinn í byrjun júlí auk Íslandsmótsins í ágúst.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í SKEET voru fjögur þar sem samtals 38 þátttakendur voru skráðir til leiks sem eru fimm fleiri en á árinu á undan. Á lokamótinu sem haldið var í ágúst varð Hörður Sigurðsson Skotmaður SÍH, Hákon Juhlin Þorsteinsson Skotunglingur SÍH og Inger Ericson Skotkona SÍH 2008

Skýrsla fjárhagsnefndar

- Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.
- Haldið var áfram að bjóða keppnismönnum upp á árangurstengda styrki. Með því að ná sætum og titlum á landsmótum STÍ eiga keppendur rétt á að sækja um styrki sem félagið greiðir út til viðkomandi skotmanna í formi hringja á skotvellingum.
- Félagið fékk ferðastyrki úr Afreksmannasjóði vegna ferða erlendis og deildi þeim út með sama hætti og árangurstengdu styrkina þessi háttur hefur vissulega komið keppnismönnum til

góða þar sem samtals fengu 10 keppnismenn 1820 hringi eða 45.500 dúfur árið 2008.

Skýrsla skemmtinefndar

Öflug skemmtinefnd var kosin á aðalfundi, allt konur og þeirra fyrsta verk var að boða á mikið hlöðuball þar sem stór hópur félagsmanna skemmti sér langt fram eftir kvöldi..

Veisla var haldin að venju að loknu SÍH open, þar sem á matseðlinum voru grilluð lambalæri.

Skýrsla vallarnefndar

- Haldið var áfram smíði á viðbyggingu félagsheimilisins og búið að flísaleggja gólfíð en beðið hefur verið með að innrétta tréverk þar til lokið verður að klára inntöku á rafmagni. Þá fyrst verður hægt að koma yl á húsið og koma þannig í veg fyrir rakaskemmdir á innviðum.
- Viðhald á Iðavöllum hefði mátt vera betra og er gamla félagsheimilið að fara mjög illa af raka- og fúaskemmdum. Húsið hefur verið ókynnt frá því það var reist um 1990 og því ekki að undra að ástand þess sé orðið bágborið. Grípa þarf til að gerða á næsta starfsári.
- Aðkoma félagsmanna SÍH að Iðavöllum hefur frá upphafi verið frá Barböruvegi austan við álverið í Straumsvík. Þetta er lélegur vegur og liggur m.a. yfir brautarendann á kvartmílubrautinni. Hlið var á veginum sem þurfti að opna og loka fyrir og eftir hverja æfingu. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir nýjum vegi frá Krísuvíkurvegi inn á bæði Iðavelli og kvartmílubrautina. Fyrir liggja margra ára loforð bæjaryfirvalda að strax og nýtt deiliskipulag yrði samþykkt yrði ráðist í þessa vegagerð inn á bæði svæðin með tilheyrandi aðveitulögnum. En þess má geta að Iðavellir hafa verið án rafmagns, vatns og frárennsli öll þau níu ár sem félagið hefur haft aðstöðu á Iðavöllum og hreinlætisaðstaða og aðbúnaður í samræmi við það. Um mitt sumar var svo komið að búið var að leggja veg með varanlegu slitlagi, ljósastaurum og brunahönum til Kvartmíluklúbbssins á meðan það bólaði ekki á vegi til okkar að Iðavöllum. Ánægðir með sinn hlut sýndu kvartmílumenn okkur slíka virðingu að koma með jarðýtu á staðinn og ryðja upp malarmönnum sem loka á allan aðgang að Iðavöllum og setja jarðýtuna síðan fyrir hliðið yfir kvartmílubrautina. Þetta gerðu þeir að kvöldi laugardagsins þegar SÍH open stóð sem hæst. Til að keppendur og gestir gætu komist á mótið varð að rífa niður girðingar við hliðina á ýtunni. Til að kóróna ódrenglyndið komu þeir síðan aftur rúmri viku

seinn og hækkuðu mönina við gamla hliðið, grófu í sundur og settu mön inn á aðreinina frá brautinni að Iðavöllum þannig að þeim einum var fært að Iðavöllum sem eiga jeppa með stórum dekkjum. Margir lögðu félaginu lið við að hafa áhrif á bæjaryfirvöld um að klára að koma Iðavöllum í varanlegt samband við vega-, vatns- og rafmagnskerfi bæjarins þannig að nágrannaerjum gæti linnt. Það gekk eftir og búið er að leggja varanlegan malarveg ásamt vatns- og rafmagnslögnum frá Álfhelli að hliðinu að Iðavöllum. Vonandi verður fljótlega eins vel búið að okkur og nágrönnum okkar með malbiki og lýsingu. Enn á eftir að klára heimtaugar og tengingar á hvoru tveggja.

- Á árinu 2008 voru skotnar 116.300 leirdúfur á móti 138.800 árið áður.

Ritnefnd

Félagið hélt úti öflugum vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar fyrir félagsmenn aðgengilegar. Árangrar og aðrar fréttir birtar eins fljótt og mögulegt er. Einnig er þar að finna aðgang að gæðahandbók félagsins þar sem félagsmenn geta sótt upplýsingar, fengið leiðbeiningar og kynnt sér reglur félagsins. Samtals voru heimsóknir á vefsetur SÍH svipaðar og árið áður eða um 13.000.

Virðingarfyllst
fyrir hönd stjórnar SÍH

Jóhanna Tryggvadóttir
Gjaldkeri SÍH